

MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNÐARÁÐ

Ár 2021, mánudaginn 23. ágúst var haldinn 61. fundur menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsinu borgarráðsherbergi og hófst hann kl. 13.37. Viðstödd voru: Hjálmar Sveinsson formaður, Pawel Bartoszek, Líf Magneudóttir, Ellen Calmon, Jörunn Pála Jónasdóttir, Baldur Borgþórsson, Örn Þórðarson varamaður fyrir Katrínu Atladóttur. Ingvar Sverrisson áheyrnarfulltrúi ÍBR tók sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR, Steinþór Einarsson skrifstofustjóri hjá ÍTR og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra hjá ÍTR sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram tilkynning skrifstofu borgarstjórnar dags. 12. ágúst 2021 um afgreiðslu borgarstjórnar á tillögu um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnalaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi varðandi m.a. notkun fjarfundabúnaðar á fundum nefnda og ráða.
2. Lögð fram tímaáætlun og verkáætlun dags. 25. janúar 2021 vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2022.
3. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 3. ágúst 2021 með ósk um umsögn um tillögu stýrihóps um innleiðingu íbúaráða.

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð leggur fram eftirfarandi umsögn.

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð gerir ekki neinar efnislegar athugasemdir við þau gögn sem liggja fyrir frá stýrihópi um innleiðingu íbúaráða. Þó vill ráðið benda á nauðsyn þess að settar verði verklagsreglur varðandi samskipti fagraða og íbúaráða og sviða borgarinnar. Ráðið telur nauðsynlegt að eftir að tekið hefur verið tillit til athugasemda og umsagna í núverandi ferli verði endanlegar tillögur kynntar fyrir fagraðum og sviðum borgarinnar áður en tillögurnar verða afgreiddar í borgarstjórn.

Samþykkt.

Fulltrúi Miðflokksins Baldur Borgþórsson og fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Örn Baldursson og Jörunn Pála Jónasdóttir sitja hjá.

4. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar dags. 17. ágúst 2021 varðandi lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð leggur fram eftirfarandi umsögn:

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð gerir ekki efnislegar athugasemdir við fyrirbyggjandi drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar og aðgerðaráætlun og mælanleg markmið. En óskar eftir að fá stefnuna aftur til kynningar þegar umsagnir fagraða, nefnda og íbúa hafa verið móttæknar og stefnan þá e.t.v. endurbætt á grundvelli ábendinga og athugasemda. Ráðið telur rétt að lýðræðisstefnan myndi ávarpa samráð við fleiri hagaðila, sér í lagi félagasamtök. Samskipti við félagasamtök á sviði menningar- og íþróttar eru snar þáttur af störfum ráðsins og vill ráðið nefna að Íþróttabandalag Reykjavíkur og Bandalag íslenskra listamanna hafa áheyrnarfulltrúa á fundum ráðsins og er rétt að nefna það í stefnunni.

Samþykkt.

Fulltrúi Miðflokksins Baldur Borgþórsson og fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Örn Baldursson og Jörunn Pála Jónasdóttir sitja hjá.

5. Lagt fram bréf Apenu íþróttafélags dags. 31. júlí 2021 með ósk um styrk vegna leigu á húsnæði fyrir körfuknattleik.
Erindið hlýtur ekki stuðning.
6. Lagt fram bréf skíðadeildar Hrannar vegna aðstöðumála í Skálafelli.
Erindið hlýtur ekki stuðning og er vísað til samstarfsnefndar skíðasvæðanna.
7. Lagt fram bréf Knattspyrnufélagsins Víkings dags. 6. ágúst 2021 vegna starfs félagsins í Safamýri.
Vísað til umsagnar ÍBR.
8. Lagður fram afgreiðslutími á Ylströndinni vegna sjósunds árin 2021-2022.
9. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 12. ágúst 2021 vegna tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um að skoðað verði að koma upp tennisvelli í nýju íþróttabyggingunni í Úlfarsárdal.
Málið hefur verið skoðað. Ekki er grundvöllur að koma fyrir tennisvelli í núverandi íþróttabyggingum í Úlfarsárdal eða á núverandi íþróttasvæði.
10. Lagt fram 6 mánaða uppgjör ÍTR – trúnaðarmál.
11. Lagt fram minnisblað dags. 19. ágúst 2021 um áhrif Covid 19 á rekstur ÍTR.
 - kl. 14:30 víkja Ómar Einarsson, Steinþór Einarsson og Ingvar Sverrisson af fundinum.
 - Kl. 14:31 tekur sæti á fundinum Anna Eyjólfsdóttir varaáheyrnarfulltrúi BÍL
12. Fram fer kynning á Vindhörpunni, listaverki sem reist verður í tilefni af 10 ára afmæli Hörpu.
Ólöf K. Sigurðardóttir safnstjóri Listasafns Íslands situr fundinn undir þessum lið.
 - 14:40 taka sæti á fundinum Huld Ingimarsdóttir skrifstofustjóri rekstrar og fjármála hjá menningar- og ferðamálasviði og María Rut Reynisdóttir skrifstofustjóri menningarmála hjá menningar- og ferðamálasviði.
13. Lagt fram bréf Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. í júní 2021 vegna tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins á fundi borgarráðs 24. júní 2021 um varðveislu og endurgerð grásleppuskúra við Ægissíðu.
Guðbrandur Benediktsson forstöðumaður Borgarsögusafns situr fundinn undir þessum lið.
14. Lagt fram minnisblað Borgarsögusafns dags. 18. ágúst 2021 um fornminjar í Elliðaárdal, frá tímum innréttinganna á 18. öld. Ástand og hugmyndir um bætt aðgengi og miðlun
Guðbrandur Benediktsson forstöðumaður Borgarsögusafns situr fundinn undir þessum lið.
15. Lagt fram minnisblað Borgarsögusafns dags. 21. maí 2021 um stefnumótun fyrir Viðey.
Samþykkt að Líf Magneudóttir og Katrín Atladóttir taki sæti í stefnumótunarhópnum.
Guðbrandur Benediktsson forstöðumaður Borgarsögusafns situr fundinn undir þessum lið.
16. Lagt fram svar Borgarsögusafns dags. í ágúst 2021 við tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins á fundi borgarráðs 22. júlí 2021, um meiri virkni í Árbæjarsafni – R21070162.
Guðbrandur Benediktsson forstöðumaður Borgarsögusafns situr fundinn undir þessum lið.
17. Lagt fram bréf menningar- og ferðamálasviðs dags. 18. ágúst 2021 ásamt drögum að samstarfssamningi um samrekið almennings- og skólabókasafn í Úlfarsárdal.

Samþykkt.

18. Lögð fram umsögn menningar- og ferðamálasviðs dags. 17. maí 2021 um ósk GR um að fá aukið rými á Korpúlfsstöðum til afnota.
19. Lögð fram umsögn menningar- og ferðamálasviðs dags. 17. maí 2021 um ósk Sambands íslenskra myndlistarmanna um að efla Korpúlfsstaði enn frekar sem menningarmiðstöð.
20. Lagt fram minnisblað skrifstofustjóra menningarmála dags. 19. ágúst 2021 um framtíð Úrbótasjóðs tónleikastaða í Reykjavíkur og stuðning við tónleikastaði. Samþykkt að framlengja líftíma Úrbótasjóðs tónleikastaða um eitt ár.
 - kl. 15:40 viku Jorunn Pála Jónasdóttir af fundi.
 - kl. 15:41 viku Anna Eyjólfsdóttir af fundi.
21. Lagt fram minnisblað skrifstofustjóra menningarmála dags. 19. ágúst 2021 um breytingar á verklagsreglum menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs um úthlutun styrkja og samstarfssamninga á sviði menningarmála. Samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:55.

Hjálmar Sveinsson

Pawel Bartoszek
Örn Þórðarson
Baldur Borgþórsson

Ellen Calmon
Líf Magneudóttir